



Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ

Ársskýrsla 2018



Ávarp formanns og deildarstjóra



Benedikt Gröndal formaður

Árið 2018 er fjórða árið frá sameiningu Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ. Áhersla deildarinnar hefur í gegnum árin verið að vinna gegn félagslegri einangrun og hefur deildin reynt að vera leiðandi í málaflokknum á landsvísu. Ekki má gleyma að einvera og einmanaleiki eru raunveruleg vandamál í íslensku samfélagi. Öll verkefni deildarinnar leggja áherslu á að styðja við náungann og auka möguleika á félagslegri tengingu. Í byrjun árs hófust tvö ný verkefni deildarinnar með ríka áherslu á að koma í veg fyrir félagslega einangrun, verkefnið Karlar í skúrum og Tækifæri. Gengið hefur vel í báðum verkefnum. Í verkefninu Karlar í skúrum er unnið að því að virkja og styrkja karlmenn félagslega. Fyrsti skúrin er kominn af stað í Hafnarfirði og ætla deildin að nýta þekkingu sína til að koma fleiri skúrum af stað á landsvísu. Verkefnið Tækifæri snýst um að virkja félagslega einangruð ungmenni og hjálpa þeim að byggja upp hæfileika sem nýtast þeim í framtíðinni hvort sem það er í vinnu, námi eða almennt í lífinu. Heimsóknavinaverkefnið heldur áfram að nýtast vel og eru mjög virkir hópar bæði í Garðabæ og Hafnarfirði. Vel gengur hjá Föt sem framlag þrjónahópunum í Hafnarfirði og Garðabæ og hefur sjálfboðaliðum fjölgað á árinu. Haldinn hefur verið fjöldinn allur af námskeiðum sem gengið hafa vel og hefur deildin séð aukinn áhuga hjá krökkum á að læra skyndihjálp. Heilahristingsverkefnið heldur áfram á fullu í bæjarfélögunum.



Páll Danielsson deildarstjóri

Deildin var enn leiðandi í stuðningi sínum við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Eiga sjálfboðaliðar og starfsfólk hrós skilið fyrir mikið og gott starf í erfiðum málaflokki, þar sem skjólstæðingar hafa m.a. flúið ofsóknir, stríð og þjóðarhreinsanir og eru því skiljanlega oft ekki á góðum stað andlega.

Samstarfið á milli deilda á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig skilað sér í enn betri og sterkari einingu innan Rauða krossins á Íslandi. Aukið var samstarf við deildir úti á landi og reynt að miðla þeirri þekkingu sem safnast hefur í deildinni um land allt. Tengingin við bæjarfélögin í Garðabæ og Hafnarfirði sem og fyrirtæki á svæðinu er mikilvæg og stuðningur þeirra og geta til að eiga samræður er mikilvæg til þess við getum öll unnið í sameiningu við að gera bæjarfélögin betri fyrir okkur öll.

Árið var viðburðaríkt og framundan eru ýmsar áskoranir og verkefni sem Rauði krossinn þarf að takast á við. Við í Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ tökum þeim áskorunum fagnandi og tökumst á við komandi verkefni með jákvæðni, samvinnu og lausnamiðaðri hugsun að leiðarljósi. Stærsti styrkur deildarinnar liggur í sjálfboðaliðunum og því merkilega fólki sem gefur sína vinnu í þágu samborgara sinna. Þeir eiga allan heiður skilinn.

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ var stofnaður 29. apríl 2015 og við það sameinuðust tvær deildir Rauði krossinn í Hafnarfirði og Rauði krossinn í Garðabæ. Því er þetta fjórða ársskýrsla sameinaðs félags. Starf Rauða krossins á svæðinu á sér langa sögu og byggir á gömlum merg. Rauði krossinn í Hafnarfirði var stofnaður árið 1941 og Rauði krossinn í Garðabæ 1969. Einnig var starfandi deild í Bessastaðahreppi sem síðar varð Rauði krossinn á Álftanesi sem sameinaðist Rauða krossinum í Garðabæ árið 2013.

Félagar í sameinaðri deild eru 2320 og virkir sjálfboðaliðar 252 og erum við önnur stærsta deildin á landinu. Virkir sjálfboðaliðar eru þeir sem starfa reglulega fyrir deildina og hafa skrifað undir sjálfboðaliðasamning. Þó eru alltaf nokkuð fleiri sem eru í sjálfboðnu starfi fyrir félagið t.d. í Félagi eldri borgara á Álftanesi og í kakósöfnun í Jólaborpinu í desember.

Deildin er með aðstöðu í húsnæði sínu að Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Starfið fer þó fram víðar, meðal annars hjá Rauða krossinum í Reykjavík, Rauða krossinum á Suðurnesjum, í Ísafold í Garðabæ og á bókasöfnum í Garðabæ og Hafnarfirði og í Hvaleyrarskóla. Mikið samstarf hefur verið á milli annarra deilda Rauða krossins þá sérstaklega við deildirnar í Kópavogi, Mosfellsbæ og Reykjavík. Sameiginleg verkefni eru nú nokkur. Sameiginleg sjálfboðaliðaumsýsla og fræðsla, samstarf í flóttamannámum, auk fataúthlutunar og áfallasjóðs sem er í umsjón Rauða krossins í Reykjavík. Vinna með Kópavogsdeild í vinaverkefnum og sálrænum stuðningi. Þá höfum við unnið að verkefnum tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd með Rauða krossinum í Mosfellsbæ og Rauða krossinum á Suðurnesjum ásamt landsskrifstofu Rauða krossins. Þá er samstarf við landsskrifstofu mikið og snýr einkum að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd en deildin hefur um árabíl vistað verkefni tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd, auk stjórnsýslu, rekstri, bókhaldi og fleiru.

Haldnir voru 10 stjórnarfundir árið 2018. Breytingar urðu á starfsmannahaldi. Kristín Björnsdóttir verkefnastjóri hætti störfum um áramótin og tók Hulda Margrét Rútsdóttir við stöðu hennar.



Stjórn, nefndir og starfsfólk

Stjórn Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ

Benedikt Gröndal, formaður
Karólína Stefánsdóttir, varaformaður
Íris Hvanndal Skaftadóttir, gjaldkeri
Guðfinna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Guðjón Örn Helgason, meðstjórnandi
Telma Hlín Helgadóttir, meðstjórnandi
Ilmur Dögg Níelsdóttir, meðstjórnandi
Jóhanna Jóhannsdóttir 1. varamaður
Ásta Möller Sívertsen 2. varamaður

Félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga

Ragnhildur Steingrímsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson

Löggiltir endurskoðendur

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Umsjónarmaður með skyndihjálpi

Magnús Kristófersson

Fulltrúi í neyðarvarnaráði hbsv.

Karólína Stefánsdóttir

Fulltrúi í Áfallasjóði

Ilmur Dögg Níelsdóttir

Starfsmenn

Eva Dögg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri
Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, verkefnastjóri
Hulda Margrét Rútsdóttir, verkefnastjóri
Hörður Sturluson, verkefnastjóri
Luzviminda Velasco Burnot, salur
Páll Daníelsson, deildarstjóri
Zoe Robert, verkefna-og teymisstjóri
Þórir Hall Stefánsson, verkefnastjóri.
Þórdís Guðjónsdóttir - Forstöðumaður Lækjar- Lauk störfum í janúar.

Sjálfbóðaliðar á vegum AUS

Azraa Muthy - lauk störfum í ágúst
Sidra Iftikhar - hóf störf í september

Verkefni Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ

Verkefni Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ voru með nokkuð hefðbundnu sniði og haldið var áfram að sinna öllum verkefnum sem deildin hafði unnið áður. Þá hófust tvenn þróunarverkefni að fullu á árinu, það er Tækifæri og Karlar í skúrum.

Félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd

Starf Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ með hælisleitendum hófst árið 2006 með heimsóknum í búsetuúrræði á vegum Útlendingastofnunar og sveitarfélaga. Um mitt ár 2014 urðu breytingar á móttöku og málsmeðferð hælisleitenda hér á landi og varð hlutverk Rauða krossins umfangsmeira en áður.

Auk heimsókna til hælisleitenda heldur deildin úti fjölbreyttu og umfangsmiklu félagsstarfi sem felst í fjölmörgum skipulögðum viðburðum og virkniverkefnum sem öllum hælisleitendum stendur til boða að sækja. *Félagsstarf hælisleitenda* hefur það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun umsækjenda um alþjóðlega vernd og ýta undir virkni þeirra á meðan á umsóknarferlinu stendur. Þannig séu einstaklingar betur í stakk búnir til að takast á við það sem tekur við að umsóknarferlinu loknu, hvort sem viðkomandi fær dvalarleyfi eða ekki. Í þeirri bið og óvissu sem fylgir umsóknarferli um alþjóðlega vernd er afar mikilvægt að fólk hafi aðgang að fjölbreyttum félagslegum úrræðum, hafi nóg fyrir stafni og sé virkt í daglegu lífi. Vel skipulagt félagsstarf sem hefur þann tilgang að gera dvöl og daglegt líf fólks bærilegra stuðlar að bættri líðan og aukinni velferð þeirra sem félagsstarfið sækja. Öflugt félagsstarf vegur þannig upp á móti hættunni á þunglyndi og öðrum neikvæðum fylgifyiskum umsóknarferlisins, auk þess sem það dregur úr álagi á bæði talsmenn Rauða krossins og þær opinberu stofnanir sem sinna málaflokknum.

Snemma árs 2018 tók nýr samningur gildi við Dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun um áframhaldandi þjónustu og fólu þeir samningar m.a. í sér að stöðugildi við verkefnið sem lítur að félagsstarfi umsækjenda um alþjóðlega vernd fór úr 3,4 stöðugildum í 3,0. Líkt og árið 2017 naut verkefnið góðs af kröftum sjálfbóðaliða sem kom á vegum European Voluntary Service (EVS) í gegnum samstarf við breska Rauða krossinn og Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS).

Á árinu var byggt enn frekar á því skipulagi sem komið var á í kjölfar mikillar fjölgunar hælisleitenda milli árána 2015-16 og felst í því að efla skuldbindingu og þátttöku sjálfbóðaliða til að standa undir aukinni þörf fyrir félagslegan stuðning fyrir hælisleitendur. Einn mikilvægasti áfanginn í þeirri vinnu var norrænt samstarf í gegnum Nordplus vinnustofu sem verkefnastjórar og sjálfbóðaliðar félagsstarfsins skipulögðu og tóku þátt í á síðari hluta árs ásamt danska og sænska Rauða krossinum og sneri að vinnu með sjálfbóðaliðum úr röðum almennings sem og hælisleitenda. Að staðaldri eru um 60-70 virkir sjálfbóðaliðar að störfum í verkefninu. Sjálfbóðaliðar eru fulltrúar almennings og mynda mikilvæga tengingu við íslenskt samfélag og menningu. Aðkoma þeirra er grundvöllur fyrir framkvæmd og skipulagningu verkefnisins og sjálfbóðaliðaöflun og -umsýsla því mikilvægur þáttur í málsvarastarfi Rauða krossins fyrir hælisleitendur. Áfram var mikil áhersla lögð á að virkja hælisleitendur til þátttöku í skipulagi og framkvæmd einstakra verkefna. Þannig er stefnt að því, eftir því sem mögulegt er, að byggja upp verkefni sem eru alfarið skipulögð og framkvæmd í samstarfi almennings og hælisleitenda, með stuðningi verkefnastjóra og virkni, valdeflingu, eignarhaldi og grundvallarhugsjónum Rauða krossins að leiðarljósi.

Alls bárust íslenskum yfirvöldum 800 umsóknir um alþjóðlega vernd á árinu 2018 sem er lækkun frá árinu á undan þegar 1.095 umsóknir bárust. Talsverður fjöldi umsókna umsækjenda var sendur aftur til meðferðar hjá Útlendingastofnun eftir úrskurð kærufndar útlendingamála. Umsvið *Félagsstarfs hælisleitenda* héldust þó svo til óbreytt enda samsetning umsækjendahópsins önnur en árið á undan og dreifing umsókna milli mánaða jafnari. Færri umsækjendur komu frá ríkjum sem eru á lista íslenskra stjórnvalda yfir *örugg upprunaríki*, samhliða var fjölgun frá öðrum ríkjum. Þetta þýddi að eftirspurn eftir félagslegum stuðningi jókst á árinu þrátt fyrir færri umsóknir. Verkefnastjórar og sjálfbóðaliðar verkefnisins höfðu því sem áður í nógu að snúast og var mikið kapp lagt á að mæta nýjum áskorunum og ólíkum þörfum skjólstæðinga verkefnisins. Endurspeglast það í fjölgun viðburða, aukinni mætingu og þátttöku sjálfbóðaliða bæði úr röðum almennings og hælisleitenda.

Verkefni og viðburðir félagsstarfs fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd eru mörg og misjöfn. Sum þeirra voru tímabundin með upphaf og endi, eins og t.d. hjólaverkefni og dagsferðir að sumri til, eða föst og regluleg eins og t.d. *Opin hús*, *konuhádegi* og tungumálakennsla. Þessi námskeið eru opin öllum þeim sem þiggja þjónustu hverju sinni frá opinberum aðilum, ríki eða sveitarfélögum. Meginregla í verkefninu er að þjónusta fyrir hælisleitendur sem Rauði krossinn veitir standi öllum úr þeirra röðum til boða. Áherslur og forgangs röðun innan verkefnisins hverju sinni eru skilgreindar út frá því hvar þörfin er mest og að markmið félagsstarfsins nái fram að ganga. Rauði krossinn reynir eftir bestu getu að mæta sérþörfum og fara verkefni og viðburðir oft fram í næsta nágrenni við fjarlægustu búsetuúrræðin. Sérstök áhersla er lögð á viðkvæmari hópa og jaðarsetta hópa sem vegna félagslegra, menningarlegra eða persónulegra aðstæðna hafa ekki, eða telja sig ekki hafa, sama aðgengi að þeim viðburðum sem félagsstarfið býður upp á. Þannig er haldið úti verkefnum sem miða sérstaklega að því að ná til kvenna, fjölskyldna, barna og fylgdarlausra barna og ungmenna. Slík verkefni eða viðburðir eru aðeins opnir þeim hópum. Þar sem að búseta umsækjenda um alþjóðlega vernd er dreifð víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og víðar er mikil áskorun fólgin í því að starfsemi verkefnisins nái til allra sem vilja og þurfa á að halda, t.d. þeirra sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins, s.s. í Reykjanesbæ (búsetuúrræði að Arnarholti á Kjalarnesi var lokað í apríl 2018).

Fjöldi viðburða hjá deildinni á árinu 2018 voru 608 eða 50,6 að meðaltali í mánuði. Samtals skráðar komur á alla viðburði félagsstarfsins voru 9.963. Fjöldi mætinga hjá sjálfboðaliðum í félagsstarfinu voru 1.176 og unnar klukkustundir 2.572,5. Fjöldi mætinga hælisleitenda sem tóku þátt í framkvæmd verkefnisins (e. *community volunteers*) jókst til muna, var 687 árið 2018 í samanburði við 367 árið áður.

2018/Mánuður	Fjöldi viðburða	Klst. í sjálfboðaliðavinnu	Fjöldi sjálfboðaliða (mætingar)	Fjöldi hælisleitenda sem aðstoða	Sjálfboðaliðavinna hælisleitenda (klst.)	Fjöldi þátttakenda
Janúar	46	212	103	41	107	857
Febrúar	57	259	117	66	140	807
Mars	43	276	100	42	128,5	829
Apríl	74	289,5	140	80	127	1113
Mái	62	216	91	66	90,5	512
Júní	47	142	69	51	77	446
Júlí	44	245	120	67	94,5	757
Ágúst	50	229,5	101,5	68	116	849
September	45	156	68,5	59	106,5	868
Október	43	181,5	90	75	148	1132
Nóvember	56	249	115	47	91,5	910
Desember	41	118	62	25	48,5	883
Samtals	608	2573,5	1177	687	1275	9963

Stærstu einstöku viðburðir félagsstarfsins eru *Opin hús*. Þau eru haldin vikulega á þremur stöðum, í Efstaleiti 9 í Reykjavík, í Húsinu 88 Reykjanesbæ og fyrir fjölskyldu- og barnafólk í húsnæði Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ að Strandgötu 24. *Opið hús* í Reykjanesbæ er mikilvægt hælisleitendum sem búsettir eru þar og eiga erfiðara um vik að sækja aðra viðburði félagsstarfsins, hvort sem um ræðir föst, regluleg verkefni s.s. tungumálakennslu, *konuhádegi*, eða önnur tímabundin verkefni s.s. hjólaverkefnið. *Opin hús* í Reykjanesbæ sækja um 50-60 manns þegar mæting er góð. *Opið hús fyrir fjölskyldur* var afar vinsælt á árinu og var sérstakt krakkahorn útbúið í húsnæði Rauða krossins að Strandgötu 24 til þess að mæta þörfum barna og fjölskyldna sem sækja verkefni félagsstarfsins. Mikil áhersla er lögð á skipulagða afþreyingu fyrir börnin (og foreldrana eftir atvikum). Þegar best lætur mæta milli 60-70 manns í *Opið hús fyrir fjölskyldur*.

Á *Opið hús* í Efstaleiti 9, sem stendur til boða öllum umsækjendum um alþjóðlega vernd sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu mæta í kringum 120 manns þegar mest er og er meðaltalsmæting á viðburð á árinu 2018 75 manns. Þess ber að geta að í vor og sumar var farið í nokkrar dagsferðir. Þessar ferðir voru ágætlega sóttar, ekki síst af fjölskyldufólki. Einnig má benda á að mæting dróst saman yfir Ramadan föstu og skýrist þið einnig að einhverju leyti af



breyttri samsetningu skjólstæðingahópsins. Af öðrum reglulegum viðburðum má nefna að 898 mætingar voru skráðar í konuhádegi sem er fjölgun frá árinu áður og í íslenskukennslu voru 949 skráðar mætingar á árinu. Hjólaverkefni sem hófst sumarið 2017 haldið áfram sumarið 2018 í samstarfi við Hjólafærni og voru um 80 hjól gerð upp af hælisleitendum sem fengu þau til eignar og afnota. Kom það sér afar vel fyrir skjólstæðinga verkefnisins í ljósi þess að aðgengi margra að almenningssamgöngum var verulega skert snemma árs. Hjólaverkefnið miðar beinlínis að því að draga úr einangrun og aðgerðarleysi og ýta undir útivist og líkamsrækt. Af öðrum nýjum verkefnum sem hófust á árinu má nefna saumaverkefni sem sett var af stað eftir að rýnihópur kvenna leiddi í ljós að konur lögðu áherslu á að öðlast færni eða læra einhverja iðn og gaf Hafnarfjarðarbær styrk til þess að hefja verkefnið. Undir lok árs 2018 var ákveðið að senda sjálfbóðaliða í vikulegar heimsóknir á búsetuúrræði að Lindarbraut á Ásbrú í Reykjanesbæ til að mæta mikilli þörf fyrir félagslegan stuðning og afþreyingu. Á vegum félagsstarfsins er einnig í boði stuðningshópur fyrir hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd. Að lokum má benda á að stór hluti af félagsstarfinu er sálfélaglegur stuðningur sem felst meðal annars í reglulegum heimsóknum í búsetuúrræði þeirra sem af einhverjum ástæðum eru taldir þurfa sérstaklega á því að halda vegna viðkvæmrar stöðu sinnar, sér í lagi konur, einstæðar mæður og karlar á eigin vegum sem búsetu sinnar vegna eru sérstaklega einangraðir. Eitt af grunnmarkmiðum félagsstarfsins er að búa til jákvæðan vettvang fyrir samskipti, afþreyingu og virkni, nokkurs konar athvarf frá neikvæðum afleiðingum umsóknarferlisins. Viðleitni sjálfbóðaliða sem fulltrúa almennings skipta sköpum við að búa til slíkan vettvang. Það er ekki síst vísbending um góðan árangur af starfinu hversu vel hefur tekist til við að fá íslenskt samfélag til að láta sig varða málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd og leggja sitt af mörkum til félagsstarfsins, hvort sem um ræðir einstaklinga sem vilja taka þátt sem sjálfbóðaliðar eða fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem leggja til gjafir af ýmsum toga og afslætti eða jafnvel hugmyndir um samstarf. Sem dæmi um slíkt samstarf má nefna vetrarhátíðir fyrir hælisleitendur sem voru haldnar í samstarfi við Íslandsbanka annars vegar og íbúasamtök Hlíðahverfis hins vegar. Þetta var annað árið í röð sem slíkar hátíðir voru haldnar.

Lækur

Starfsemi Lækjar lauk í byrjun árs þar sem Hafnarfjarðarbær tók yfir rekstur verkefnisins. Þórdís Guðjónsdóttir forstöðumaður Lækjar og starfsmaður Rauða krossins aðstoðaði við yfirfærsluna í byrjun janúar og lauk síðan glæstum starfsferli. Hún hafði einmitt verið forstöðumaður Lækjar frá stofnun. Við þökkum henni kærlega fyrir frábært og óeigingjarnt starf. Við óskum Hafnarfjarðarbæ og Læk velfarnaðar í framtíðinni. Áfram koma sjálfbóðaliðar frá deildinni í Læk og er ætlunin að beina áfram áhugasömum sjálfbóðaliðum til þeirra ef þess er þörf.



Heimsóknavinir

Meginmarkmið heimsóknavinaverkefnisins er að veita nærveru og hlýju og draga þannig úr félagslegri einangrun. Sjálfboðaliðar heimsækja gestgjafa sína ýmist á einkaheimilum eða stofnunum oftast einu sinni í viku klukkutíma í senn. Í lok árs voru 27 gestgjafar heimsóttir í heimahús og stofnanir. Auk þess eru þrír sjálfboðaliðar sem heimsækja hópa, lesa og syngja bæði á Hrafnistu og Sólvangi í Hafnarfirði og á Hrafnistu DAS (Ísafold) í Garðabæ. Mikið samstarf var á milli deildarinnar og deildanna í Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ, meðal annars um þjálfun og fræðslu sjálfboðaliða. Haldin voru sameiginleg 8



heimsóknavinánámskeið á höfuðborgarsvæðinu á árinu sem 66 sjálfboðaliðar sóttu. Verkefnastjórar á höfuðborgarsvæðinu funduðu reglulega og voru haldin tvö sameiginleg fræðsluerindi fyrir heimsóknavinir á höfuðborgarsvæðinu. Fyrri erindið var um núvitund og það seinna um kvíða.

Einnig voru reglulega heimsóknavinasamverur í verkefninu í Hafnarfirði. Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ heldur ótrauður áfram að stuðla að því að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Deildin stefnir á áframhaldandi gott samstarf við hinar deildirnar á höfuðborgarsvæðinu, auk samstarfs við stofnanir og félagasamtök sem tengjast málaflokknum.

Heilahristingur

Unnið var að verkefninu Heilahristingur í samstarfi við Bókasafn Garðabæjar, Bókasafn Hafnarfjarðar, Hvaleyrarskóla og einnig var byrjað með námsaðstoð í Lækjarskóla í september. Um er að ræða heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn. Markmið verkefnisins er að aðstoða börn sem ekki eiga tök á aðstoð við heimanámið heima fyrir. Lögð er áhersla á góða samvinnu við skóla og kennara. Starfið fór fram einu sinni í viku á öllum stöðunum. Sjálfboðaliðar aðstoða við kennsluna og starfsmenn bókasafnsins undirbúa aðstöðu og veita upplýsingar á bókasafninu. Það voru alls 15 sjálfboðaliðar sem tóku þátt í verkefninu á árinu.



Starfið hjá Bókasafni Hafnarfjarðar og Garðabæjar gekk sinn vanagang og mættu að jafnaði 1-10 börn í hvert skipti. Í Hvaleyrarskóla var gott samstarf við skólann og frístundina og mættu 4-6 börn í hvert skipti. Verkefnið var prufukeyrt í Lækjarskóla en ekki gekk sem skyldi að fá sjálfboðaliða svo það var ákveðið að hætta í bili eftir nokkurra mánaða prufu. Skráðar voru 250 komur barna sem er svipað og í fyrra.

Verkefnastjóri sinnti kynningarmálum á svæðinu með því að fara í skólana, vera í samskiptum við kennara og skólastjórnendur og með því að útbúa auglýsingar. Stefnt er að enn meira samstarfi við hinar deildirnar á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst hvað varðar kynningarmálin en stöðugt þarf að huga að kynningu og sýnileika verkefnisins. Það hefur sýnt sig að þau börn sem hafa mætt reglulega hafa tekið góðum framförum.

Karlar í skúrum

Karlar í skúrum (KÍS) er nýtt verkefni deildarinnar sem byrjað var að undirbúa á árinu 2017 og var ráðinn verkefnisstjóri í lok árs. Þetta er verkefni að erlendri fyrirmynd sem byrjaði fyrir tæplega tuttugu árum í Ástralíu, undir nafninu „Men's Sheds“. Það hefur síðan þá náð fótfestu um heim allan þar á meðal í Danmörku, Bandaríkjunum, Bretlandi og Írlandi. Í dag eru til dæmis um 450 „skúrar“ bara á Írlandi en Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ er í samstarfi við samtökin *Men's Sheds* á Írlandi.

Megintilgangur KÍS er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og neikvæðar afleiðingar hennar, með því að skapa vettvang fyrir karlmenn til að hittast á þeirra eigin forsendum. KÍS er samfélagslegt verkefni sem er opið fyrir alla karlmenn eldri en 18 ára. Skúrin veitir öruggt og vinalegt umhverfi þar sem karlmenn á öllum aldri geta unnið að sameiginlegum og/eða persónulegum verkefnum sem þeir ákveða sjálfir á sínum eigin

hraða. Þar skiptast þeir á þekkingu og gefa til samfélagsins í leiðinni. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karlmannna er í fyrirrúmi, þar sem þeir halda sér við líkamlega, andlega og félagslega. Hugmyndafræðin byggist á rannsóknnum þar sem fram kemur að karlmönnum finnst best að tala saman þegar þeir eru að vinna með eitthvað í höndunum og þegar þeir standa saman öxl í öxl frekar en beint á móti hver öðrum. Hver skúr útbýr sínar eigin reglur í samráði við Rauða krossinn en ákveðnar grunnreglur verða að vera til staðar, t.d. er bannað að útiloka fólk sökum húðlits, stjórnálaskoðana, fötlunar eða þjóðernis og ekki er haft áfengi við hönd í skúrnum sjálfum. Rauði krossinn mun hjálpa til við að finna húsnæði, aðstoða við sameiginlegar fjáraflanir, útbúa kynningarefni og sjá til þess að Karlar í skúrum séu áberandi í fjölmiðlum.

Í byrjun árs 2018 auglýsti deildin eftir þátttakendum í verkefnið og myndaðist fljótt góður 10-12 manna kjarni af þátttakendum. Það voru haldnir reglulegir fundir þar sem verkefninu var velt fyrir sér og leitað að mögulegu húsnæði, sem er undirstaðan í verkefninu. Nokkur húsnæði voru skoðuð en það var ekki fyrr en í lok apríl sem verkefnið útvegaði sér húsnæði í Helluhrauni 8. En það húsnæði hafði Rauði krossinn verið að leigja fyrir neyðarvarnarsvið. Húsnæðið var endurskipulagt þannig að Karlar í skúrum gætu einnig nýtt húsnæðið. Karlarnir byggðu meðal annars milliveggi úr gífsi til að hólfa niður rými og útveguðu tól og tæki í verkefnið. KÍS hlaut síðan 500.000 króna styrk frá Virk fyrir þróunarverkefni sem nýtt var í að útvega efni og í viðgerðir á húsnæði. Fjölgaði mikið meðlimum eftir að verkefnið fékk húsnæði og var formleg opnun haldin 1. júní hjá KÍS í Hafnarfirði. Við það tilefni kom Barry Sheridan framkvæmdastjóri Irish Men's Sheds Association til landsins og var viðstaddur opnunina. Hann hafði einmitt aðstoðað deildina heilmikið við undirbúning, gefið bæði tíma og vinnu til að hjálpa við upphaf verkefnisins hér á landi. Fjölmiðlar voru á svæðinu, Stöð 2, Fréttablaðið, Fjarðarpóstur og Veftímarit eldri borgara Lifðu núna fjölluðu um opnunina. Voru meðlimir orðnir um 30 um mitt sumar og um 35 í lok árs. Í skúrnum í Hafnarfirði var ákveðið að vinna aðallega með við. En öllum skúrum er frjálst að gera það sem þeirra meðlimum hentar. Til dæmis eru dæmi um skúra í Írlandi sem eru með kóra, garðyrkju, spilamennsku og einungis spjall.



Haldin voru ýmiskonar námskeið fyrir meðlimi. Útskurðarnámskeið í ferskan við, glerskurðarnámskeið, rennismíðanámskeið, bátasmíðanámskeið (litlir bátar), tréskurðarnámskeið og fleiri. Einnig fór skúrin í Hafnarfirði í samstarf við leikskólann Norðurberg í Hafnarfirði. KÍS gefur leikskólanum dýrapúsl og tréskóflur sem þeir búa sjálfir til í skúrnum. Þetta er í samræmi við hugmyndafræði um að nýta kraftana til að aðstoða í samfélaginu. Í september fóru 5 þátttakendur í verkefninu ásamt verkefnisstjóra og deildarstjóra til Cork á Írlandi á alþjóðlega samkomu Men's Sheds til að auka þekkingu og tengslanet á verkefninu og læra af öðrum deildum. Þar voru alls um 500 þátttakendur, að mestum hluta karlar, aðallega frá Írlandi en einnig Bretlandi, Ástralíu, Eistlandi og Danmörku. Skúrin er að verða sjálfstæðari og gengur vel að fá meðlimi til að taka virkan þátt í uppbyggingu á verkefninu. Skúrin er með félagsfund með öllum meðlimum fyrsta föstudag í hverjum mánuði. Stefnt er að því að verkefnið verði sjálfbært.

KÍS fer vonandi af stað um land allt á árinu 2019. Verkefnið fór af stað í Breiðholti í samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts í nóvember þegar haldinn var kynningarfundur. Fundurinn var vel sóttur en það mættu um 40 karlar. 25 karlar skráðu sig strax í verkefnið og er verkefnið með aðstöðu í Gerðubergi alla fimmtudagsmorgna meðan beðið er eftir að útvega verkefninu húsnæði í Breiðholti. Heildarfjöldi sem sótti verkefnið í Hafnarfirði og Breiðholti á árinu 2018 var um 1500. Hörður Sturluson verkefnastjóri útbjó bækling sem heitir *5-þrep til að stofna skúr*. Hann var sendur á áhugasama aðila t.d. á Patreksfirði og á Selfossi. Verkefnið var kynnt fyrir Rauða krossinum í Mosfellsbæ í nóvember og var því sýndur mikill áhugi. Einnig hafði

Pórður Ingþórsson forstöðumaður Dvalar í Kópavogi samband og hefði hann áhuga á að byrja með það í tengslum við sitt verkefni.

Tækifæri

Rauði krossinn hóf á árinu 2018 verkefnið Tækifæri. Tækifæri er virkniúrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 30 ára sem er lítið eða ekkert í námi eða vinnu. Tækifæri er byggt upp þannig að fólk velur sér verkefni til þess að leysa og setur sér markmið. Einstaklingarnir eru hluti af hóp sem hittist einu sinni í viku í um klukkustund í senn og eru 5 til 10 manns í hverjum hópi. Hóparnir eru hugsaðir sem stuðningur við einstaklingana en þeir vinna oftast að verkefnunum sínum utan hópsins. Tækifæri er skipulagt þannig að það er árangurstengt þrepakerfi sem hvetur einstaklinginn til sjálfsvitundar í samfélaginu. Samhliða þessu lærir einstaklingurinn inn á styrkleika sína og eflist við að klára verkefni. Einstaklingarnir velja sér sjálfir verkefni innan ákveðins ramma sem þeir svo leysa. Í vikulegri samveru er farið yfir hjá hverjum og einum hvernig vikan gekk, hópurinn gerir eitthvað saman og svo setja sér allir markmið fyrir næstu viku. Það sem hópurinn gerir saman getur verið allt mögulegt og alltaf eitthvað nýtt, t.d. elda og borða saman, spila, fara í göngutúr, fara í ratleik, skrifa niður markmiðin sín bæði skammtíma og/eða langtíma, hlusta á fyrirlestur frá markþjálfara um markmiðasetningu, styrkingu og/eða jákvæða sálfræði. Síðan sinna þátttakendur verkefnum sem sett eru fyrir utan funda. Tækifæri er byggt á verkefni frá Írlandi sem kallast *Options* og hefur verið í gangi frá árinu 1988 með góðum árangri. Rauði krossinn á Írlandi hefur umsjón með *Options á Írlandi*.

Að mati Rauða krossins hefur verið of mikil áhersla á að ýta ákveðnum hópi í skóla og vinnu án þess að vinna í undirliggjandi vanda þessa hóps. Sá hópur sem telur sig ekki geta sinnt vinnu eða námi, né hefur sjálfstraust til þess, flosnar fljótlega uppúr þeirri iðju aftur eftir að hafa verið ýtt út í slíkt. Það ýtir undir þá tilfinningu einstaklinganna um að þeir séu „einskis nýtir“, þó það sé ekki rétt hjá þeim, þá er sú tilfinning enn til staðar. Ef rýnt er í rannsóknir sýna þær að ef fólk hættir í skóla minnka líkur á að viðkomandi sýni heilsuefandi hegðun og eykst hættan á neikvæðri hegðun, svo sem notkun á tóbaki, áfengi, eiturlyfjum og sjálfsmorðstílaunum. Tíminn þar sem ungmenni eru að þroskast yfir í fullorðinn einstakling er kítískur þegar kemur að geðheilsu og sálrænum kvillum, því er mikilvægt að stíga inn áður en það verður of seint. Einstaklingarnir sem taka þátt í verkefninu glíma sumir hverjir við þunglyndi, kvíða og félagsfælni og er markmið verkefnisins að aðstoða þá við að byggja upp grunn sem þeir geta byggt ofan á. Það að byggja upp sjálfstraust og aðstoða fólk við að aðstoða sig sjálf er mikilvægasti þátturinn í þessu verkefni. Hver þáttakandi vinnur á sínum eigin hraða og átta sig á eigin getu.

Í *Tækifæri* eru átta flokkar. 1) *Tómstundir* 2) *Útivist* 3) *Heilsa* 4) *Einstaklingsþroski* 5) *Rauði krossinn* 6) *Umhverfismálefni* 7) *Alþjóðamálefni* 8) *Menning*

Það eru þrjú stig í verkefninu brons-, silfur og gullstig. Bronsstig krefst þess að þátttakendur prófi sig áfram og rannsaki hluti. Silfurstigið krefst frekari rannsóknar og frekari þjálfunar. Gullstigið krefst þess að þátttakendur taki ábyrgð t.d. kenni öðrum nýja hluti, skipuleggi viðburði og verði virkir í félagsstarfi yfir langt tímabil.

Á árinu var komið upp góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Garðabæ, Vinnumálastofnun og Hugarafl. Flestir einstaklingar í verkefninu koma í gegnum Vinnumálastofnun. Reglulega eru haldnir kynningarfundir fyrir skjólstaðinga Vinnumálastofnunar. Um haustið var verkefnið endurskoðað, þróað áfram og einfaldað á starfsdegi með sjálfboðaliðum í verkefnisins. Fenginn var markþjálfari til að hitta hópana á árinu. Hann fjallar um markmiðasetningu og styrkleika einstaklinga og ákvað í kjölfarið að gerast sjálfboðaliði í verkefninu. Alls tóku sex sjálfboðaliðar auk verkefnastjóra þátt í verkefninu.

Föt sem framlag

Föt sem framlag þrjónahóparnir slógu ekki slöku við á árinu. Hafnarfjarðarhópurinn hittist alla þriðjudaga á Strandgötunni en Garðabæjarhópurinn hittist annan og fjórða hvern miðvikudag í mánuðinum í húsakynnum Ísafoldar í Garðabæ.

Starf hópanna var öflugt að venju. Meginmarkmið verkefnisins er að útbúa ungbarnapakka með hlýjum fatnaði sem síðar eru sendir til Hvíta-Rússlands og dreift til bágstaddra þar af Rauða krossinum í Hvíta-Rússlandi. Peysur, húfur, sokkar, teppi, ullarsokkar og buxur eru ýmist þrjónaðar, heklaðar eða saumaðar. Auk hópanna tveggja þrjónuðu og heklðu einstaklingar í Félagi eldri borgara á Álftanesi varning í verkefnið og afhentu deildinni. Flestir mæta í þrjónasamverur en sumir sjá sér ekki fært að mæta og koma þá við á öðrum tímum með afraksturinn.

Alls voru 57 sjálfboðaliðar virkir í verkefninu á árinu. Hafnarfjarðarhópurinn hittist 49 sinnum Garðabæjarhópurinn hittist 18 sinnum. Skráðar voru 630 komur sjálfboðaliða samtals. Hóparnir útbjuggu 525 ungbarnapakka auk þess sem hóparnir byrjuðu að þrjóna húfur, vettlinga, trefla og ullarsokka fyrir hælisleitendur og flóttafólk í lok árs 2018. Föt sem framlag hóparnir lögðu inn hátt í 1.300 vinnustundir á árinu og þá eru ótaldir stundirnar þar sem þrjónað og saumað var heima. Þetta er gríðarlega öflugur hópur sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf frá stofnun og á miklar þakkir skilið.



Einstaklingsaðstoð innanlands

Áfallasjóður

Áfallasjóður sem var stofnaður í lok árs 2015 hélt áfram störfum. Allar deildir á höfuðborgarsvæðinu koma að Áfallasjóði sem hefur þann tilgang að aðstoða fólk sem verður fyrir skyndilegu fjárhagslegu áfalli og fær enga, eða mjög litla aðstoð annars staðar. Áhersla er á að hjálpa fólki, einkum tekjulágum fjölskyldum og einstaklingum, að ná sér aftur á strik eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, svo sem í tengslum við sjúkdóma og slys. Aðstoð sem veitt er á að vera raunhæf og stuðla að því að skjólstæðingar nái aftur sjálfbærni.

Sjóðsstjórn er skipuð fulltrúum deilda á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum landskrifstofu. Hlutverk sjóðsstjórnar er að setja stefnu og reglur, afla tekna, fylgjast með starfi úthlutunarnefndar, fara yfir stöðu sjóðsins og taka afstöðu til álitaefna sem upp hafa komið. Úthlutunarnefnd, sem í eru tveir einstaklingar sem þekkja til velferðarmála og einn fulltrúi sjóðsstjórnar, tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutanir. Starfsmaður undirbýr fundi úthlutunarnefndar og útbýr yfirlit um allar umsóknir, situr jafnframt fundina og ritar fundargerð. Hann er einnig umsækjendum innan handar við útfyllingu umsókna. Ástæður umsókna voru m.a. vegna; andlegra og líkamlegra veikinda, makamissis, veikinda barna, slysa og tekjumissis. Nokkuð var um að óskað væri eftir aðstoð við að komast í áfallahjálp eða viðtalsmeðferð hjá sérfræðingi. Úthlutunarnefnd samþykkti 85 umsóknir og var samtals úthlutað 11 milljónum króna á árinu 2018.

Fatakort

Árið 2018 var þriðja árið þar sem fatakort voru notuð í stað fataúthlutunar. Kortin er hægt að nýta við verslun í Rauða kross búðunum og hófst notkun þeirra í október 2015. Markmiðið með þessu er að reisa skjólstæðinga sé í fyrirrími og tryggja að þeir fái fatnað við hæfi. Hver einstaklingur getur sótt um úthlutun tvisvar á ári fyrir sig og ólöggráða börn, alls kr. 15.000,-.

Afgreiðsla korta til þeirra, sem hafa kennitölu, fer fram í húsi Rauða krossins í Efstaleiti 9 á þriðjudögum á milli kl. 13:00- 16:00. Alls voru skráðar úthlutanir til 1393 einstaklinga (með kennitölu) og upphæð úthlutana nam alls kr. 15.750.000,- . Flestir fengu 10.000,- en aðrir 15.000,-

Rauði krossinn sér einnig um úthlutanir á fatnaði til umsækjenda um alþjóðlega vernd. Afgreiðslutími fyrir þá er á mánudögum að Strandgötu 24 á klukkan 13:00 - 15:30 og á miðvikudögum í Efstaleiti 9 klukkan 13:00-16.00. Á meðan fólk er í þessari biðstöðu getur það sótt um kort á tveggja mánaða fresti. Afgreiðsla kortanna fer fram í opnum viðtalstímum sem eru í boði vikulega í Reykjavík og Hafnarfirði en aðra hvora viku í Reykjanesbæ. Á árinu 2017 sóttu 1095 manns um alþjóðlega vernd á Íslandi en alls var úthlutað 4814 kortum. Á árinu 2018 var 4814 fatakortum úthlutað til 935 umsækjenda um alþjóðlega vernd og virði úthlutunar var 24.070.000,- krónur.

Tómstundasjóður

Rauði krossinn hefur sett á fót sjóð til að styðja börn flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd búsettra hér á landi til að stunda tómstundir ef ekki fæst styrkur annarsstaðar. Hægt er að sækja um tvisvar á ári fyrir hvert barn. Úthlutað er allt að 30.000 kr. á ári á barn. Styrki úr sjóðnum má veita til hvers kyns tómstunda barna enda er það val barnanna og fjölskyldna þeirra hvaða tómstund er stunduð. Styrkir geta því verið fyrir námskeiðum, tónlistarnámi, íþróttaiðkun, dansnámi eða annars konar tómstund. Á árinu voru 35 styrkir veittir úr Tómstundasjóði flóttabarna að upphæð, 924.820 kr. þar af voru 13 frá Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild að upphæð 446.140 kr.

Sameiginleg verkefni

Fataverslanir

Fataverslanir Rauða krossins eru orðnar fimm talsins á höfuðborgarsvæðinu. Í byrjun janúar tók landsskrifstofa yfir rekstur þeirra af Kópavogsdeild. Fataverslanir eru staðsettar á Laugavegi 12, Laugavegi 116, í Mjóddinni, Skólavörðustíg 12 og á Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Samtals var salan í öllum verslunum Rauða krossins á árinu 2018 122.073.765 kr., þar af var sala í búðinni í Hafnarfirði 3.550.485 kr.

Neyðarvarnir og viðbragðsteymi


Frá árinu 2010 hafa deildir á höfuðborgarsvæðinu unnið saman að neyðarvörnum á svæðinu. Í lok árs 2014 var gert samkomulag við Neyðarmiðstöð um að hún tæki að sér umsjón neyðarvarna á svæðinu fyrir hönd deildanna. Komið var á fót neyðarvarnaráði með fulltrúum allra deilda sem hefur fyrst og fremst eftirlitshlutverk ásamt því að samþykkja fjárhags- og framkvæmdaáætlanir sem Neyðarmiðstöð leggur fram. Formennska í ráðinu skiptist á milli deilda. Neyðarvarnaráð fundaði tvisvar sinnum á árinu. Fimm hópar sjálfbóðaliða eru starfandi í neyðarvörnum á höfuðborgarsvæðinu; viðbragðshópur, áfallateymi, skyndihjálparhópur, búnaðarhópur og bakvakt. Í öllu þessu viðbragðsteymi eru 249 sjálfbóðaliðar á höfuðborgarsvæðinu og 327 á landinu öllu. Útköll á höfuðborgarsvæðinu voru allnokkur bæði hjá viðbragðshópi og áfallateymi. Verkefnum í sálrænum stuðningi hefur fjölgað meðal annars vegna flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Útköll voru 100 talsins á höfuðborgarsvæðinu og 134 á landinu öllu.

Tegundir útkalla

Ástæður fyrir aðkomu að atviki eru margar. Helstu flokkar eru eftirfarandi:

Umsækjendur um alþjóðlega vernd:	21	Sjálfsvígstengt:	25
Bruni:	8	Andlát:	15
Óveður/ófærð:	8	Slys:	3
Flugatvik:	4	Endurlífgun:	5
Umferðaróhöpp:	8	Ofbeldi:	9
Skipsskaði:	2	Annað:	9

Aðkoma er einkum sálrænn stuðningur eða áfallahjál, eftirfylgd og tilvísun, en í einhverjum tilfellum snýst aðkoman einnig um grunnþarfir. Aðeins er valinn einn flokkur fyrir hvert útkall. Inni í tölu um andlát eða slys getur því t.d. falist endurlífgun, en útkallið flokkast sem andlát.



Innan flokksins „Umferðaróhöpp“ eru flokkuð sem hópslys. Í flokknum „annað“ eru eftirfarandi ástæður: Fósturlát, uppspuni, mannhvarf, manndráp, leit, innbrot, lífshætta vegna ofnæmis og lífshætta vegna ofneyslu. Innan flokksins „andláts“ eru m.a. nokkur andlát vegna falls, hjartaáföll, og vinnuvélaslys.

Önnur starfsemi

Sjálfbóðaliðar

Undanfarin ár hefur samvinna deilda á höfuðborgarsvæðinu aukist í málefnum sjálfbóðaliða. Reykjavíkureild hefur haft umsjón með umsýslu sjálfbóðaliða og hafa verkefnastjórar í Hafnarfjarðar og Garðabæjardeild sem og í Kópavogsdeild tekið þátt í því. Það hefur gengið það vel að í lok árs 2017 ákvað Rauði krossinn í Mosfellsbæ einnig að taka þátt í samstarfinu 2018. Þetta samstarf hefur skilað af sér betri samhæfingu og skilvirkari vinnubrögðum í sjálfbóðaliðamálum. Það skilar sér inn í starfið þar sem sjálfbóðaliðar fá samræmdar upplýsingar og komast fyrir inn í verkefni sem henta þeirra áhugasviði.



Haldin var sameiginleg sjálfbóðaliðahátíð með Kópavogsdeild Rauða krossins í tilefni alþjóðadags sjálfbóðaliðans 5. desember. Rúmlega 90 manns mættu og gæddu sér á góðum mat og fylgdust með skemmtiatriðum sem þóttu vel lukkuð. Fjórum sjálfbóðaliðum hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf: Sonja Kovacevic og Melanie Powell fengu viðurkenningar fyrir framlag sitt í félagsstarfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Steindór Guðjónsson fékk viðurkenningu fyrir störf sín fyrir Karla í skúrum og Sigríður Björnsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framlag sitt til Föt sem framlag þrjónahópsins.



Azraa Muthay sem kom til starfa í deildinni í september 2017, lauk störfum í ágúst 2018. Hún kom í samstarfi við Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS). AUS eru frjáls félagasamtök sem sérhæfa sig í að taka á móti ungu fólki í sjálfbóðaliðastörf. Það var mikil ánægja með störf AUS og Azraa og var því ákveðið að halda áfram því samstarfi og fá inn nýjan sjálfbóðaliða. Í september tók Sidra Iftikhar við og er í starfsnámi í ár hjá deildinni. Hún og Azraa hafa aðallega unnið í verkefnum tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd. Einnig voru fimm aðrir sjálfbóðaliðar að störfum hjá Reykjavíkurbæ, verkefnið hefur hingað til gengið vel og ákveðið hefur verið að halda samstarfi áfram.

Sjálfbóðaliðateymi og Sjálfbóðaliðamiðstöð

Áfram var unnið í sameiginlegu teymi um þróun sjálfbóðabjónustu innan Rauða krossins. Verkefni hópsins eru m.a. að fara yfir verkferla tengda sjálfbóðaliðahringnum, fara yfir fræðslumál félagsins og samræma móttöku sjálfbóðaliða. Á árinu leit meðal annars dagsins ljós ný og endurbætt handbók um sjálfbóðaliðastjórnun.

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ, ásamt Reykjavíkurbæ, Kópavogsdeild og Rauða krossinum í Mosfellsbæ eru aðilar að Sjálfbóðaliðamiðstöð. Miðstöðin er rekin á þeirri grunnhugmynd að sjálfbóðaliðinn er hornsteinn og stærsta auðlind Rauða krossins. Því er mikilvægt að huga vel að öllum þeim þáttum sem snerta tíma sjálfbóðaliðans hjá félaginu, allt frá umsókn að starfslokum.

Fjáröflun og gjafir

Tekjur deildarinnar skapast einkum með fernum hætti; með kassatekjum, samningi við dómsmálaráðuneytið, með framlögum úr verkefnasjóði og af fatasöfnun. Þá hefur deildin tekjur af húsaleigu en salur í húsnæði deildarinnar er leigður út fyrir veislur og fundi. Salurinn var leigður út fyrir margar veislur á árinu en þar fyrir utan varð aukning á notkun salarins hjá ýmsum deildum innan Rauða krossins þar sem samstarf deilda er sífellt að aukast. Þar að auki var staðið fyrir einum fjáröflunarviðburði á árinu, kakósöfnun í Jólaborpinu.

Deildinni bárust nokkrar gjafir á árinu. Fallegu og duglegu börnin í leikskólanum Norðurbergi í Hafnarfirði færðu Rauða krossinum peningagjöf upp á heilar 21.590 kr. sem fara þetta árið í verkefni í Malaví sem miðast að því að auka aðgengi að hreinu vatni og auka möguleika barna þar til skólagöngu. Upphæðin er andvirði heils árs söfnunar og endurvinnslu á flöskum. Leikskólinn færir Rauða krossinum árlega gjöf og frá árinu 2000 hefur leikskólinn safnað 322.976 krónum fyrir Rauða krossinn. Við færum þeim bestu þakkir fyrir. Nokkur tombólubörn komu og styrktu deildina og fyrirtæki hafa verið dugleg að styrkja ákveðin verkefni.



Kakósöfnun

Allar fjórar aðventuhelgarnar stóð deildin fyrir kakósöfnun í Jólaborpinu í miðbæ Hafnarfjarðar. Söfnunin fór fram með þeim hætti að hægt var að fá heitt kakó í skiptum fyrir frjáls framlög. Settur var upp bás og stóðu sjálfbóðaliðar vaktina allar helgar á aðventunni. Söfnunin gekk vel eins og í fyrra. Í heildina söfnuðust 567.061.- kr. á móti 614.272.- kr. árið 2017. Kostnaður við söfnunina var í lágmarki þar sem Innnes gaf kakó. Gott samstarf var við Rauða krossinn í Reykjavík um aðföng.



Fræðslu- og kynningarstarf

Fræðslu- og kynningarstarf var að mestu með hefðbundnum hætti á árinu. Nýir sjálfbóðaliðar tóku grunnnámskeið á vef félagsins, nýir heimsóknavinir sátu undirbúningsnámskeið og nýir sjálfbóðaliðar í ungmennastarfi sóttu skyndihjálparnámskeið og fræddust um starf með börnum og unglíngum. Áfram var áhersla á skyndihjálparnámskeið og kynningu auk þess sem námskeiðin *Börn og umhverfi* voru haldin sem og námskeið í sálrænum stuðningi.

Alls voru 16 almennar kynningar á árinu ýmist í húsnæði deildarinnar eða annars staðar. Þar af voru fimm kynningar fyrir hjúkrunarnema í starfsnámi á heilsugæslustöðvunum Firði og Sólvangi. Einnig voru m.a. kynningar í Flensborg, grunnskólum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og hjá félagi eldri borgara í Garðabæ. Einnig var mikið af kynningum fyrir ákveðin verkefni, þar á meðal Tækifæri, félagsstarf umsækjenda um alþjóðlega vernd og Karlar í skúrum.

Skyndihjálp

Skyndihjálparkennsla var með hefðbundnum hætti á árinu. Alls voru haldin 20 styttri og lengri námskeið á vegum deildarinnar. Meðal annars voru haldin tvö almenn fjögurra tíma námskeið, nokkur námskeið á ensku og þá voru fimm 12 tíma námskeið haldin fyrir skóla í Hafnarfirði og Garðabæ. Tvö tveggja tíma verkleg námskeið voru haldin á árinu en það er nýlunda þar sem þátttakendur taka bóklegt netnámskeið þegar þeim hentar áður en þeir mæta á tveggja tíma verklegt námskeið.

Börn og umhverfi

Átta *Börn og umhverfi* námskeið voru haldin á árinu og voru sjö þeirra haldin í húsnæði deildarinnar og eitt í Garðaskóla í Garðabæ. Alls sóttu 134 ungmenni námskeiðin þetta árið sem er gífurleg aukning frá því í fyrra þegar 44 ungmenni sátu námskeið. Í ár var prófað að vera ekki bara með námskeið að vori og fram á sumar heldur voru nokkur námskeið haldin um veturinn líka og voru þau öll vel sótt.